Hofstaðir í Mývatnssveit

Fornleifarannsókn 2019

Hildur Gestsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS793-910122
Reykjavík 2020

© Fornleifastofnun Íslands 2020
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Forsíðumynd: Skurður 4 úr norðri. Horft yfir rannsóknarsvæði sumarsins og má greina Lísubetu Guðmundsdóttur og Magneu Dís Birgisdóttur við borkjarnatöku ofarlega til hægri á myndinni. Myndina tók Orri Vésteinsson 9. ágúst 2019.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 3
Grunnupplýsingar 4
Samantekt 5
English summary 5
Inngangur 7
Borkjarnarannsókn 11
Niðurstöður 23
Uppgröftur 25
Könnunarskurður 3 26
Könnunarskurður 4 27
Könnunarskurður 5 28
Könnunarskurður 6 29
Könnunarskurður 7 30
Niðurstöður og umræða 32
Viðauki 1 – Borkjarnaskrá 33
Viðauki 2 – Einingaskrá 83

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): 201609-0109

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2019-76

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: SÞ-214:001-012: Orri Vésteinsson 1996: *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi* I, FS022, Reykjavík, bls. 72-77.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Markmið rannsóknanna var að kanna hvort fornleifar leynast undir sverði í sléttuðum túnum Hofstaða í Mývatnssveit. Verkefnið var framhald sambærilegra athugana sem voru gerðar 2017 og 2018 og voru tekin borkjarnasýni á 10 m fresti þar sem frá var horfið nyrst í heimatúninu 2018 og borað suður fyrir bæjarhólinn. Samtals 171 borkjarni í 24 línum frá austri til vesturs. Auk þess voru grafnir 5 skurðir, 4 innan þessa svæðis en einn nyrst á svokölluðu Gerði sem líklega tilheyrir bæjarstæðinu í Brekkum. Í þremur af þessum skurðum fundust ummerki um byggingar frá miðöldum. Auk þeirra benda borkjarnarnir til mannvistarlaga á a.m.k. fjórum öðrum stöðum innan þessa svæðis sem vert væri að kanna nánar.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla): Hofstaðir, Skútustaðahreppur, Suður Þingeyjarsýsla.

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis): A: 584692, N: 569539

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar): 7.-11. ágúst 2019

Leyfishafi: Orri Vésteinsson

Fjöldi starfsmanna: 4

Samantekt

Áframhaldandi borkjarnarannnsókn í túni Hofstaða í Mývatnssveit, leiddi ekki í ljós merki um fleiri bæjarstæði. Hinsvegar sáustu í kjörnunum víða ummerki um byggingar og athafnasvæði og á tveimur stöðum leiddu könnunarskurðir í ljós byggingar frá miðöldum sem ekki var áður vitað um. Nyrst í svokölluðu Gerðistúni sáust í könnunarskurði merki um byggingu, einnig frá miðöldum, sem líklega er hluti bæjarstæðisins í Brekkum.

Efnisorð: Norðurland, Mývatnssveit, Hofstaðir, Brekkur, borkjarnarannsókn, könnunarskurður, fornbýli, byggingar

English summary

In 2016 a previously unknown farmstead, named í Brekkum, was discovered some 400 m north of the feasting hall in Hofstaðir in Mývatnssveit. Fieldwork in 2017 showed that the hall í Brekkum was built before 940AD and that the farmstead consists of at least four buildings, a midden and an improved homefield, and that it may be associated with a pagan cemetery. This farm was shortlived, perhaps occupied for only a few years in the middle of the 10th century. The discovery of a separate farmstead such a short distance from the feasting hall and farm-mound in Hofstaðir raises many questions – about the development of Hofstaðir as a central place and about the organisation of settlements in early Iceland. To begin to throw light on these issues a survey of buried archaeological remains in the levelled hay-fields of Hofstaðir was planned. This report describes the results of the second phase of the coring survey which also included limited trenching. Conducted in August 2019 the survey continued southwards from where the 2018 survey stopped, focusing on the central part of the Hofstaðir homefield. Four test trenches were dug in this area. A fifth trench was dug in the northernmost part of the Gerði field (which had been cored in 2018).

The coring survey revealed widespread anthropogenic activity in the homefield with archaeological deposits in a majority of the 173 cores taken and definite pre-1477 activity in at least a quarter. Several indications of buildings and building activity were detected, as were traces related to smithying, but most of the deposits relate to middens and the spreading of household waste on the field as fertilizer. Two of the trenches in the homefield confirmed suspicions of medieval turf buildings as did the trench much further north, in Gerði, which identified a turf-structure most likely belonging to the farm í Brekkum, thus extending the area of its possible homefield considerably.

Keywords: North Iceland, Mývatnssveit, Hofstaðir, Brekkur, coring, trenching, settlement, structures

Inngangur

Árið 2016 fannst áður óþekkt bæjarstæði rétt norðan við nyrsta heimatúnið á Hofstöðum í Mývatnssveit. Þá um haustið var gerð minniháttar rannsókn sem staðfesti að byggingaleifarnar væru af bólstað frá víkingaöld.[1] Árið eftir fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til að hefja þriggja ára verkefni sem hefur að markmiði að varpa ljósi á samhengi nýfundna bæjarstæðisins – sem farið er að kalla í Brekkum – við veisluskálann og bæjarhólinn á Hofstöðum og kanna hvort fleiri bæjarstæði geti leynst á þessu svæði. Í fyrsta áfanga, sumarið 2017, var gerð ítarlegri könnun á bæjarstæðinu í Brekkum sem sýndi að þar var komin byggð fyrir 940, sem sé áður en veisluskálinn var byggður, en jafnframt að byggðin í Brekkum hefur verið skammæ og sennilega ekki varað meira en nokkra áratugi. Öskuhaugur með ágætum varðveisluskilyrðum fannst sem og kumlateigur á hjallanum ofan við bæjarstæðið.[2] Þó styrkur fengist ekki 2018 stóðu Háskóli Íslands í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands engu að síður að framhaldi rannsókna það ár. Gerð var könnun með kjarnabor um allt túnið milli veisluskálans og bæjarstæðisins í Brekkum, til að kortleggja útbreiðslu og ástand mannvistarleifa, einkum með það í huga að leiða í ljós hvort fleiri bæjarstæði leyndust á þessu svæði. Svo reyndist ekki vera

Mynd 1. Fornbýlið í Brekkum er í túnjaðri Hofstaða í Mývatnssveit

[1] Orri Vésteinsson 2016, *Hofstaðagarðshorn. Preliminary investigations 2016*, FS629. Reykjavík.

[2] Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson 2018, *Í Brekkum. Fornbýli í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2017*, FS699. Reykjavík.

en ummerki fundust um rauðablásturssmiðju milli gamla Hofstaðatúnsins og Gerðis, og er hún líklega frá víkingaöld.[3] Styrkur fékkst að nýju úr Fornminjasjóði 2019 sem tryggði áframhaldandi borkjarnarannsókn sumarið 2019. Haldið var áfram að bora þar sem frá var horfið 2018 og náðist að bora um mestan hluta gamla túnsins á Hofstöðum. Fimm könnnunarskurðir voru grafnir til að kanna betur vísbendingar um mannvirki, fjórir í túninu og einn nyrst á svokölluðu Gerði. Skurðir og borkjarnar eru tölusettir í framhaldi af þeim sem skráðir voru 2018.

Að rannsókninni unnu Hildur Gestsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Orri Vésteinsson fornleifafræðingar og Magnea Dís Birgisdóttir fornleifafræðinemi. Rannsóknin fór fram dagana 7.-11. ágúst 2019 og hafði leiðangurinn aðstöðu í íbúðarhúsinu á Hofstöðum sem er í umsjá Minjastofnunar Íslands og eru henni færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Lilja Laufey Davíðsdóttir sá um úrvinnslu borkjarnarannsóknar og naut aðstoðar Magneu við þá vinnu.

[3] Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson 2018, *Hofstaðir í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2018*, FS726, Reykjavík.



Mynd 2. Kort af bæjarstæðunum á Hofstöðum og í Brekkum með borkjarnarannsóknarsvæðinu 2019.



Mynd 3. Yfirlitskort yfir númer borkjarna á rannsóknarsvæðinu frá 2019.

Borkjarnarannsókn

Markmið borkjarnarannsóknarinnar var að kortleggja útbreiðslu mannvistarlaga í Hofstaðatúni og kanna hvort þar leyndust fleiri bæjarstæði, öskuhaugar eða önnur mannvirki sem ekki sjást á yfirborði. Rannsóknarsvæðið var 240 x 110 metrar á stærð og nær yfir miðhluta gamla túnsins, frá því norðan við veisluskálann og suður fyrir bæjarhólinn. Borað var á 10 m fresti yfir allt túnið en borað var þéttar þar sem vísbendingar voru um heillegar mannvistarleifar. Teknir voru um 3,5 sm breiðir kjarnar og náði borinn lengst 80 sm niður, 40 sm í einu. Flestir borkjarnanna voru ljósmyndaðir og skipting jarðlaga skráð en þar sem aðeins sáust náttúruleg jarðlög og lítil breyting á þeim milli kjarna var skráningin minna ítarleg. Ekki var farið dýpra niður en á forsögulegu H3 gjóskuna sem féll fyrir um 2900 árum. Borkjarnarnir voru teknir eftir beinum línum, frá austri til vesturs og fékk hver kjarni númer miðað við línunúmer og röð hans í línunni. Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður sem komu út úr rannsókninni. Aftast í skýrslunni er viðauki þar sem hverjum borkjarna er lýst nákvæmlega.

Lína 27

Borað var á 10 metra fresti í línu 27 og teknir voru 11 kjarnar. Í fimm kjörnum af þeim 11 sem teknir voru, sást engin mannvist. Um miðbik línunnar sást mikið af blönduðu torfi en einnig viðaraska, sót og kol. Þar sem gjóskulög sáust í kjörnunum var torfið yfir V1477 gjóskunni. Viðaraskan var einnig oftast ofarlega í kjörnunum. Í tveimur kjörnum, 27.2 og 27.5, sáust ummerki um heillegra torf en annarsstaðar. Í kjarna 27.2 var hægt að tímasetja það á milli H1300 og V1477 en engin gjóskulög sáust í kjarna 27.5 nema landnámslagið í torfinu sjálfu.

Mynd 4. Jarðlög í borkjarna 27.5. Hugsanlegur torfveggur í sm 13-29.

Lína 28

Borað var á 10 metra fresti í línu 28 og teknir voru 10 kjarnar. Í þremur kjörnum sáust aðeins náttúruleg jarðlög en í fimm kjörnum sáust einhver ummerki um kol, sót eða viðarösku, oftast ofan við V1477 gjóskuna. Í einum kjarna, 28,7, sáust blönduð mannvistarlög með

móöskuflekkjum. Í kjarna 28.6 sáust hinsvegar óljós merki um torfvegg, með fjórum svörtum röndum og önnur torfkennd jarðlög undir honum. Síðar var ákveðið að grafa skurð 4 þar sem

Mynd 5. Torflög í kjarna 28.6. Frá sm 9-21 má sjá torf með svörtum gjóskum og svo reglulegra torf þar undir með grá/appelsínugulum röndum.

þessi kjarni var tekinn og kom þá í ljós greinilegur torfveggur. Ekki sáust nein ummerki um gjóskulög yfir torfveggnum í kjarnaboruninni, en í könnunarskurðinum sást V1477 greinilega yfir byggingunni. Landnámssyrpan er um 12 sm undir torflögunum og því má ætla að þau séu nokkuð yngri en 10. öld en þó eldri en V1477.

Lína 29

Borað var á 10 metra fresti í línu 29 og teknir voru 10 kjarnar. Í þremur kjörnum sáust ummerki um ruslalög með kolaleifum ofarlega í kjörnum, nokkuð ofan við gjóskulagið frá V1477. Í tveimur kjörnum sáust ummerki um blönduð torflög og í hinum fimm kjörnunum sáust aðeins ummerki um kolaagnir í foklögum, ýmist yfir eða undir V1477 gjóskunni.

Lína 30

Borað var á 10 metra fresti í línu 30 og teknir 10 kjarnar. Ekki sáust mikil ummerki í þessum kjörnum. Tveir kjarnar voru alveg náttúrulegir og í fjórum öðrum sáust aðeins ummerki um

Mynd 6. Jarðlög í kjarna 30.2. Hér sést blandað torflag á sm 17-31.

kolaagnir í fokjarðvegi. Í einum kjarna sáust einnig blönduð mannvistarlög undir yfirborði. Í tveimur kjörnum sáust ummerki um blönduð torflög. Í kjarna 30.2 komu þau fram yfir V1477 en í kjarna 30.4 sást blandað torflag undir H1300. Í kjarna 30.8 sáust kol og viðaraska rétt yfir gjóskulagi sem virtist helst geta verið úr landnámssyrpunni, líklega V~940 (einnig nefnt V-Sv). Þessi staður er aðeins um 50 metra frá veisluskálanum og er líklegt að ummerkin séu frá þeim tíma sem hann var í notkun.

Lína 31

Borað var á 10 metra fresti og teknir níu kjarnar. Fjórir kjarnar voru náttúrulegir og í tveimur kjörnum sáust aðeins kolaagnir í fokjarðvegi. Í kjarna 31.6 voru ummerki um móösku og kol rétt yfir V~940. Í kjarna 31.2 sáust ummerki um torfblönduð jarðlög en einnig heillegra torf, ofarlega eða á 20-25 sm dýpt. Engin gjóskulög fundust í þessum kjarna sem gátu varpað betra ljósi á aldur jarðlaganna. Kjarninn er þó aðeins 5 metrum austan við veisluskálann og því líklegt að torflögin tengist honum frekar en að um sérstaka byggingu sé að ræða. Í kjarna 31.4 sáust einnig ummerki um blandað torflag og var það undir V1477 en yfir H1300. Undir H1300 sáust svo ummerki um frekar heillegt torf og lá V~940 beint undir þessum leifum. Þetta bendir til þess að þarna geti verið mannvirkjaleifar. Þessi kjarni er aðeins 14 m vestan við veisluskálann.

Mynd 7. Jarðlög í kjarna 31.4. Heillegt ljósbrúnt og fjólublátt torflag sést neðarlega í kjarnanum, í sm 27-37.

Lína 32

Borað var á 10 metra fresti í línu 32 og teknir níu kjarnar. Í þremur kjörnum sást engin mannvist og í tveimur til viðbótar sáust aðeins kolaagnir í fokmold. Í kjarna 32.4 var viðaraska frekar ofarlega í kjarnanum en engin gjóskulög sáust sem gefa til kynna aldur þessa viðaröskulags.

Mynd 8. Meintur torfveggur í kjarna 32.8. Í skurði 6, sem grafinn var þar sem kjarninn er staðsettur sáust engin ummerki um torfvegg eða byggingu. Aðeins kolalög.

Það má þó ætla að það sé yngra en V1477, þar sem það var skammt undir yfirborðslagi. Í kjarna 32.9 sást jarðlag sem var fullt af kolum og sóti, 3 sm á dýpt. Í kjarna 32.3 sást torfblandað jarðlag undir V1477 gjóskunni og svo heillegra torf undir öðru gjóskulagi sem ekki er vitað hvert er. Þessi kjarni er mjög nálægt veisluskálanum og gæti það því tengst honum. Í kjarna 32.8 kom fram lagskipt torflag (að því er sýndist), beint ofan á landnámslaginu. Skurður 6 var grafinn á þessu svæði til að kanna þessi ummerki frekar. Í ljós kom að ekki var um torf að ræða heldur þúfumyndun.

Lína 33

Borað var á 10 metra fresti í línu 33 og teknir tíu borkjarnar. Einn kjarni var náttúrulegur og þrír kjarnar voru með kolaögnum í fokmoldarlögum en misjafnt var hvort að þau voru við yfirborð eða dýpri og nær landnámssyrpunni. Í tveimur kjörnum voru rótuð og blönduð jarðlög undir grasrót sem gætu stafað af túnsléttun. Í kjarna 33.7 sáust merki um rótuð jarðlög, H3 gjóskan sást í flekkjum við yfirborð. Í kjarna 33.7a sást þetta enn betur og virtist vera ummerki um uppmokstur en einnig kol og sót og hugsanlega sindur. Í hvorugum kjarnanum var hægt að fara lengra niður en 40 sm þar sem borinn lenti á steinum. Í kjarna 33.8 sáust einnig ummerki um kol og sót, sem þar var blandað í fokmold. Í tveimur kjörnum, 33.3 og 33.6, sáust ummerki um rótað torf eða torfhrun og voru þau bæði rétt yfir V~940 og undir V1477. Í kjarna 33.6 sást einnig jarðlag með brenndum beinum yfir rótuðu miðaldatorfi.

Lína 34

Borað var á 10 metra fresti og teknir átta borkjarnar. Einn kjarni var náttúrulegur og tveir báru ummerki um rót í efstu jarðlögum, sem gæti stafað af túnsléttun. Viðaraska sást við yfirborðslag í fjórum kjörnum 30.3, 30.4, 30.5 og 30.6 og í tveimur þeirra sást einnig mannvist dýpra í kjarnanum. Í kjarna 30.3 sáust blönduð torflög ofan á V~940 og í kjarna 34.5 sáust móöskublandað jarðlag og blandað torf undir H1300 og yfir V~940. Í kjarna 34.7 var torfblandað jarðlag bæði yfir og undir gjóskunni frá V1477.

Mynd 9. Jarðlög í kjarna 34.5. Ofarlega sést þunnt viðaröskulag (11-12 sm), og blanda mannvistarlag með móösku við sm 25. Blandaða torflagið sést ekki á þessari mynd en var á 42 sm dýpi.

Lína 35

Borað var á 10 metra fresti og teknir sjö borkjarnar. Í tveimur voru aðeins náttúruleg jarðlög og í einum kjarna voru aðeins kolaagnir í fokmold. Í tveimur kjörnum sáust ummerki um rótuð jarðlög eins og eftir túnsléttun. Í kjarna 35.2 sáust viðaröskulög nálægt yfirborði og foklag með kolum á milli þeirra. Í kjarna 35.6 voru ummerki um lagskipt torflag. Það var ljósbrúnt og gráleitt og virtist frekar veggjarlegt. Það var nokkuð undir gjóskulagi frá H1300. Til þess að

Mynd 10. Jarðlög í kjarna 35.6. Umræddur meintur torfveggur sést á 30-40sm dýpi.

sannreyna hvort um torfvegg er að ræða eða ekki þyrfti að grafa könnunarskurð við þennan borkjarna.

Lína 36

Borað var á 10 metra fresti og alls teknir sjö kjarnar. Í einum kjarna komu aðeins fram náttúruleg jarðlög og í tveimur öðrum voru einu ummerkin um mannvist rótuð jarðlög eins og eftir túnsléttun. Í tveimur kjörnum, 36.3 og 36.4, var viðaröskulag skammt undir yfirborði en annars voru einu ummerkin um mannvist foklög með kolum. Í borkjarna 36.5 voru ummerki um blandað torflag eða uppmokstur með torfflyksum. Þar sást gjóskulagið H3 vel og greinilega í skellum víða í laginu. Þetta lag bendir annaðhvort til torfhruns eða uppmoksturs og var það beint ofan á V~940 og 5 sm af fokmold á milli þess og gjósku V1477. Í kjarna 36.7 sáust einnig hugsanleg merki um túnsléttun við yfirborð en dýpra sást kolsvart 6 sm þykkt kolalag. Ekki sáust nein ummerki um landnámssyrpuna í þessum kjarna.

Mynd 11. Jarðlög í kjarna 36.7. Þykkt kolalag sést á 31-37 sm dýpt

Lína 37

Borað var á 10 metra fresti í línu 37 og teknir 10 borkjarnar. Enginn kjarnanna var alveg náttúrulegur en í tveimur var þó aðeins að sjá ummerki um kolaagnir í fokmold og í tveimur öðrum voru einungis ummerki um rótuð jarðlög eftir túnasléttun undir yfirborði. Í þremur kjörnum voru ummerki um viðarösku: í 37.2 og 37.7 voru viðaröskulögin yfir V1477 en það gjóskulag sást ekki í þriðja kjarnanum, 37.6. Þar var það þó ámóta ofarlega í kjarnanum og því

Mynd 12. Jarðlögin í kjarna 37.5. Torfveggurinn sést á 41-60 sm dýpi. Landnámslagið sést á 71-72 sm dýpt.

líklegt að það sé frá svipuðu tímabili og lögin í hinum kjörnunum, ef þetta er ekki allt sama lagið. Í kjarna 37.3 sást kolalag með sóti og brenndum beinum rétt undir yfirborði. Í tveimur borkjörnum voru svo merki um frekar heillegt torf. Í kjarna 37.5 var torflag undir V1477 en yfir H1300. Hinsvegar kom í ljós torfveggur með V~940 og H3 ofan við V~940 á sínum stað og undir H1300 gjóskunni. Þetta gæti því verið hluti af sama mannvirki og kom fram í skurði 7 sem grafinn var hjá kjarna 38.6. Í kjarna 37.7a sáust ummerki um litríkt jarðlag sem gæti verið torf eða mýrarlag. Hugsanlega er bara um mýrarjarðveg að ræða en erfitt er að segja til um það.

Lína 38

Borað var á 10 metra fresti og teknir tíu kjarnar. Í mörgum kjarnanna er mikið af mannvistarleifum á mismunandi dýpi. Einn kjarni var alveg náttúrulegur og í tveimur kjörnum sást aðallega viðaraska ofarlega í kjarna (38.7 og 38.9). Í kjarna 38.2 var viðaraska og ruslalag ofarlega í kjarna en undir V1477 voru tvö torfblönduð jarðlög, annað einnig undir H1300. Í kjörnum 38.3 og 38.4 var móöskublandað jarðlag undir V1477 en einnig sáust viðaröskulög við yfirborð í kjarna 38.4. Í kjarna 38.5 voru lífræn jarðlög með kolum ofarlega en blandað mannvistarlag með kolum, viðarösku og flekkjum af H3 undir V1477 og ofan á V~940. Í kjarna 38.6 var móöskublandað lag við yfirborð og einhverskonar uppmokstur með H3 undir því. Neðar í kjarnanum og ofan á V~940 sáust ummerki um torfvegg með fjólubláu og brúnu torfi og V~940. Skurður 7 var grafinn þar sem þessi kjarni var tekinn og þar sást greinilegt torf, sjá nánar í uppgraftarkafla hér á eftir. Í kjarna 38.8 voru ummerki um blandað og rótað torf undir H1300 og einnig mjög þunnt móöskulag og kol. Í kjarna 38.10 sáust einnig ummerki um kol og móösku undir H1300.

Mynd 13. Jarðlögin í kjarna 38.6. Meintur torfveggur er á 22-44 sm dýpt.

Lína 39

Borað var á 10 metra fresti og teknir 10 kjarnar. Í tveimur kjörnum, 39.1 og 39.2, voru aðeins ummerki um mannvist í fokjarðlögum. Í sex kjörnum (39.3, 39.4, 39.5, 39.6, 39.7 og 39.10) komu fram ummerki um túnsléttun undir yfirborðslagi en í sumum þeirra voru merki um aðra mannvist á meira dýpi. Í kjarna 39.3 var blandað torflag undir V1477 og í kjarna 39.5 var blanda mannvistarlag undir V1477. Í kjarna 39.6 voru ummerki um torf með V~940 en engin gjóskulög sáust yfir því. Í kjarna 39.7 voru blönduð mannvistarlög, þar á meðal torfhrun eða rótað torflag undir V1477 gjóskunni. Í kjarna 39.8 voru einnig blönduð torflög, annarsvegar undir V1477 gjóskunni og hinsvegar undir H1300 gjóskunni. Í kjarna 39.9 sáust ekki ummerki um túnsléttun ofarlega í kjarna en þar sást svart kolalag með sóti undir V1477 gjóskunni.

Mynd 14. Torf í kjarna 39.6

Lína 40

Borað var á 10 metra fresti í línu 40 og teknir 10 kjarnar. Í flestum var mikil mannvist á mismunandi tímabilum og verður því hver kjarni talinn upp og mannvistarlögum lýst. Almennt var mikið af torfi og viðarösku í kjörnunum. Í kjarna 40.1 sást fokmold með móösku og kolum

Mynd 15. Blönduð torflög og önnur mannvist í kjarna 40.9.

ofarleg í kjarna en undir gjósku sem hugsanlega er V~940, sást torfhleðsla sem gæti verið veggur í mannvirki H, svokölluðu hestagerði, sem sést á yfirborði á þessum stað.[4] Í kjarna 40.2 voru foklög með mannvist en einnig lagskipt kolalag rétt yfir V~940. Í kjarna 40.3 sást fokjarðvegur með kolaögnum við yfirborð en undir V1477 var blandað mannvistarlag með kolum, torfi og brenndum beinum. Í kjarna 40.4 var viðaröskulag og torfblandað jarðlag til skiptis frá yfirborði og niður að V1477. Undir V1477 sáust ummerki um blandað torflag, sem gæti verið hrun. Í kjarna 40.5 var einnig blandað torflag undir V1477 en engin önnur mannvist sást í kjarnanum. Í kjarna 40.6 var rótað lag efst, hugsanlega eftir túnsléttun. Undir því lagi sást sótarlag og meintur lagskiptur torfveggur 15 sm yfir V~940 gjóskunni. Ekki sásust nein önnur gjóskulög í þessum kjarna. Þessi torfveggur gæti verið hluti af sama mannvirki og kemur fram í kjörnum 39.6, 38.6, 37.5 og skurði 7 en þeir eru allir í beinni línu frá þessum. Í kjarna 40.7 voru blönduð torflög og viðaröskulög yfir og undir gjósku frá V1477. Í kjarna 40.8 var viðaröskulag ofan við V1477 en torfblandað jarðlag undir henni og rétt ofan á V~940. Í kjarna 40.9 voru ýmis torflög, hreyfð og blönduð frá yfirborði og niður að Hverfjallsgjóskunni. Í kjarna 40.10 sáust aðeins ummerki um móöskublandað jarðlag rétt yfir V~940 en engin ummerki um neina aðra mannvist voru í kjarnanum.

Lína 41

Borað var á 10 metra fresti í línu 41 og teknir sjö kjarnar. Í kjarna 41.1 var viðaröskulag efst og undir því var blandað jarðlag með móösku, kolum og sóti. Ekki voru nein ummerki um V1477. Í kjarna 41.2 var blandað viðarösku- og kolalag við yfirborð en undir V1477 voru tvö torfblönduð jarðlög. Kjarnar 41.3, 41.4, 41.5, 41.6 og 41.7 voru allir svipaðir. Efst í þeim var

Mynd 16. Jarlög í kjarna 41.1. Á dýpt 15-20 sjást blöndu ruslalög og viðaröskulag.

rótað jarðlag við yfirborð sem líklega er eftir túnsléttun en undir V1477 og yfir landnámslaginu var eitt eða tvö blönduð torflög. Í kjarna 41.5 var hinsvegar þunnt viðaröskulag efst og í kjarna 41.7 sást V1477 gjóskan ekki og þar var þunnt móöskulag undir torfblandaða laginu.

[4] Lucas, G 2009. *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age feasting hall in north-eastern Iceland.* Institute of Archaeology Monograph Series 1, Reykjavík, bls. 4, 111-14.

Lína 42

Borað var á 10 metra fresti í línu 42 og teknir fjórir kjarnar. Í öllum kjörnunum var rótað lag efst, eins og eftir túnsléttun. Sömuleiðis var blandað torflag undir V1477 í þremur kjörnum af fjórum og í tveimur þeirra lá torfblandaða lagið beint ofan á V~940. Í kjarna 42.3 var einnig blandað torflag ofan á V1477.

Lína 43

Borað var á 10 metra fresti í línu 43 og teknir þrír kjarnar. Í kjarna 43.1 var svart sótlag neðarlega í kjarnanum en engin gjóskulög sáust sem gætu tímasett það nánar. Það er þó líklega gamalt og eldra en 1477. Í kjarna 43.2 sást fokmold blönduð kolum undir V1477 og þar undir blandað torflag með flekkjum úr H3. Í kjarna 43.3 var blandað viðaröskulag með brenndum beinum undir yfirborðslagi og blandað kolalag yfir V1477. Undir V1477 var svo blandað torflag með miklu af kolum og móösku.

Lína 44

Borað var á 10 metra fresti í línu 44 og teknir þrír kjarnar. Í kjarna 44.1 sáust engin gjóskulög nema Hverfjallsgjóskan. Ofarlega í kjarnanum sást ruslalag með 19.-20. aldar leifum en við miðbik kjarnans sást lag sem túlkað var sem öskuhaugur. Miðað við dýptina á því er það undir V1477. Í kjarna 44.2 voru blönduð ruslalög undir V1477 sem eru líklega einnig hluti af sama ruslahaug. Í kjarna 44.3 var blandað torflag undir V1477.

Lína 45

Í línu 45 var borað á 10 metra fresti og teknir þrír borkjarnar. Kjarni 45.1 var náttúrulegur. Í kjarna 45.2 sást rótað jarðlag undir yfirborðslagi, sem bendir til sléttunar en undir V1477 var torfblandað jarðlag. Ekki var hægt að fara dýpra en 40 sm þar sem kjarnaborinn rakst í stein. Í kjarna 45.3 sást einnig torfblandað jarðlag undir V1477 og lá það ofan á landnámslagi sem gæti þó verið eitthvað hreyft.

Lína 46

Borað var á 10 metra fresti í línu 46 og teknir þrír kjarnar. Kjarni 46.1 var náttúrulegur. Í kjarna 46.2 vantaði sögulegu gjóskulögin en ofarlega var þykkt ruslalag með móösku, kolum og viðarösku. Neðar í kjarnanum var jarðlag með viðarösku og beinum. Neðarlega í kjarnanum voru ummerki um landnámslagið en það var greinilega hreyft. Í kjarna 46.3 voru tvö blönduð

Mynd 17. Ruslalag í kjarna 46.2

torflög undir V1477.

Lína 47

Borað var á 10 metra fresti í línu 47 og teknir þrír borkjarnar. Kjarni 47.1 var náttúrulegur en í báðum kjörnum tveimur í þessari línu voru ummerki um mikið blandað torf. Í kjarna 47.2 var ekki hægt að greina nein gjóskulög til að gefa frekari aldursgreiningu á torfinu en í kjarna 47.3 voru blönduð torflög bæði fyrir ofan og neðan V1477. Neðst í kjarnanum var landnámslagið hreyft, mögulega í torfi.

Lína 48

Borað var á 10 metra fresti í línu 48 og teknir fjórir borkjarnar. Í kjarna 48.1 sást hreyft jarðlag með tveimur rákum af Hverfjallsgjósku, líklega torfhrun. Jarðlagið var undir V1477 en ekki sáust nein ummerki um landnámssyrpuna, hvorki í torfinu né óhreyft í kjarnanum. Í kjarna 48.2 voru blönduð torflög allstaðar í kjarnanum, það yngsta rétt undir yfirborði og það elsta undir H1104. Engin ummerki voru um landnámssyrpuna. Í kjarna 48.3 var blandað torflag undir V1477.

Lína 49

Borað var á 10 metra fresti í línu 49 og teknir sjö borkjarnar. Kjarnar 49.1 og 49.2 voru náttúrulegir. Í kjörnum 49.3 og 49.4 var torfblandað jarðlag beint undir V1477. Í kjarna 49.5 var einnig torfblandað og litríkt jarðlag undir V1477. Svipað jarðlag var einnig undir H1300 í kjarnanum og beint ofan á V~940. Í kjarna 49.6 sáust ummerki um rótað jarðlag undir yfirborðslaginu, sem bendir til túnsléttunar og undir V1477 var blandað torflag. Í kjarna 49.7 var einnig blandað torflag undir V1477 en beint undir því og ofan á V~940 var einnig móaska með kolum.

Mynd 18. Jarðlög í kjarna 49.7. Torfblandað jarðlag er á 21-33 sm dýpt og undir því er móöskublandað jarðlag.

Lína 50

Borað var á 10 metra fresti í línu 50 og teknir sjö borkjarnar. Mikið torf var í þessum kjörnum en bæjarhóllinn er rétt norðvestan við línuna og rústahóll sunnan við hana. Í kjarna 50.1 var blandað torflag undir V1477. Undir því var eitthvað um kol, sót og brennd bein en líklega bara í foklögum. Í kjarna 50.2 var viðaröskulag undir rótuðu lagi við yfirborð. Undir V1477 var torfblandað jarðlag og annað slíkt undir H1300. Í kjarna 50.2 var torfblandað lag, líklega torfhrun, undir V1477 og annað torflag sem virðist vera heillegra, enn neðar. Í kjarna 50.4 var einnig torfblandað jarðlag undir V1477 og yfir H1300. Í kjarna 50.5 var rótað jarðlag undir yfirborðslagi, svo kom blandað torflag og síðast viðaraska, allt yfir gjóskulaginu frá 1477. Undir því voru ummerki um torfblandað jarðlag yfir V~940. Í kjarna 50.5 var rótað jarðlag (túnsléttun) við yfirborð en torflag undir V1477. Annað torflag var beint ofan á V~940 og 5 sm undir H1104. Torfið í þessum kjarna virðist vera heillegra en í kjörnunum í kring og gæti tengst rústahólnum sunnan við enda alveg í jaðri hans. Í kjarna 50.7 var rótað lag undir yfirborðslagi (túnsléttun) og torfblandað jarðlag undir H1300. Neðarlega í kjarnanum sáust

Mynd 19. Jarðlög í borkjarna 50.7. Doppur af H3 benda til einhverskonar fyllingu eða uppmoksturs.

ummerki um uppmokstur eða jafnvel einhverskonar fyllingu með miklu af H3 flygsum og hugsanlegu landnámstorfi.

Niðurstöður

Við borkjarnarannsóknina kom ýmislegt í ljós sem varpar skýrara ljósi á búsetu og landnotkun á svæðinu á mismunandi tímum. Mun meiri mannvist er í kjörnum sem rannsakaðir voru árið 2019 heldur en árið áður enda nálægð við þekkt búsetu- og athafnasvæði meiri og því líklegra að mannvistarlög séu meiri og þéttari. Mikið var um að hver borkjarni geymdi mannvistarlög frá ólíkum tímum en finna þarf betri aðferðir til þess að sýna þær niðurstöður en á tvívíðu kort (sjá kort 20). Valið var að sýna það jarðlag sem gaf best til kynna hverskonar mannvist var í kjarnanum. Til að mynda sjást ummerki um túnasléttum ofarlega í kjarna, mun víðar en kortið gefur til kynna, þar sem önnur jarðlög komu fram dýpra í kjarnanum sem nauðsynlegt var að sýna frekar. Í sumum kjörnum sáust t.d. ummerki um margvíslega mannvist; móösku, viðarkol, blönduð torflög og torfveggi, allt frá mismunandi tímabilum en aðeins var unnt að sýna eitt þessara mannvistarlaga á kortinu. Nauðsynlegt er að þróa aðferð til að sýna landnotkunina eins og hún var á mismunandi tímum. Þess konar korti myndi þó alltaf fylgja einhverjir vankantar þar sem gjóskulög koma ekki alltaf fram í kjörnunum og í þeim kjörnum er því erfitt að segja mikið til um aldur mannvistarlaga, þó svo að áætla megi aldurinn gróflega út frá dýpi.

Mörg áhugaverð svæði komu fram við borkjarnarannsóknuna og voru tvö þeirra staðfest með könnunarskurðum, sjá uppgraftarkafla hér á eftir. Þessi svæði eru merkt inn á mynd 20 með gráum hringjum. Þarna komu fram fjögur hugsanleg mannvirki, lítið járnvinnslusvæði og tveir meintir öskuhaugar. Það er því af nógu að taka og rannsóknarefni á svæðinu fjölmörg.



Mynd 20. Kortið sýnir helstu niðurstöður borkjarnagreiningarinnar. Gráu svæðin eru svæði þar sem mannvirkjaleifar hafa verið staðfestar með könnunarskurði og svo hinsvegar hvar hugsanlega gætu leynst mannvirki eða öskuhaugar.

Uppgröftur

Samhliða borkjarnarannsókninni voru grafnir könnunarskurðir til þess að rannsaka betur áhugaverð svæði sem borunin hafði leitt í ljós. Einn skurður (skurður 3) var grafinn nyrst á svokölluðu Gerði þar sem borkjarnarannsókn 2018 hafði gefið vísbendingar um mannvirki, en allir hinir innan gamla Hofstaðtúnsins.



Mynd 21. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu könnunarskurða á rannsóknarsvæðinu

Könnunarskurður 3

Skurður 3 var nyrst á svokölluðu Gerði um 10 m sunnan við norðurjaðar túnsins, heldur vestan við þar sem slóðinn liggur norður úr túninu. Skurðurinn var 1x1 m og 40 sm djúpur. Undir grasrót [301] var rótað lag með viðarkolalinsum og torf-flekkjum [302]. Þetta er líklega umrót eftir að túnið var sléttað og bendir til að vélin hafi rekist í og rótað upp eldri mannvistarleifum í grennd. Þetta rótaða lag sker í gegnum V1477 gjóskuna [303] sem var þó óhreyfð í hluta skurðarins, ofan á torfblendingi [304]. Í sniði sáust skellur af ljósri gjósku, annaðhvort H-1104 eða H-1158, í þessu blandlagi og virtust þær hreyfðar, mögulega í torfi. Undir þessu lagi var torfveggur [305] með svörtu linsunum úr landnámssyrpunni. Grafið var ofan á þennan vegg en ekki í gegnum hann. Veggurinn fyllti skurðinn og því ekki hægt að segja neitt um stefnuna á þessari byggingu.



Mynd 22. Norðursnið í skurði 3

Mynd 23. Skurður 3, úr suðri. Horft ofan á torfvegginn með landnámssyrpunni. Gjóska frá 1477 sést í norður- og austursniðum, og hola vinstra megin eftir borkjarna sem tekinn var 2018.

Eining	Lýsing
301	Grasrót
302	Dökkgrá/brún mold með viðarkolalinsum. Þar sést einnig rót eftir sléttun, sem bendir til mannvistarleifa í grennd.
303	V-1477 gjóskan - skorið af [302]
304	Torfblendingur. Brúnt með ljósari skellum. Í sama lagi í suður sniði eru skellur af hreyfðum gjóskulögum (H-1104/1158)
305	Torfveggur með Landnámslaginu (svörtu lögin) og Hverfjallsgjósku. Grafið var ofan á torfvegginn en ekki í gegnum hann.

Könnunarskurður 4

Skurður 4 var í túninu um 50 m norðvestan við norðvesturhorn veisluskálans. Hann var 1x1 m og mest um 40 sm djúpur. Undir grasrót [401] var grábrún fokmold [402], lítillega hreyfð ofantil en minna er neðar dró [403]. Undir þessu lagi var V1477 gjóskan [404] sem lagðist upp að torfvegg [405] með svörtu lögunum og votti af öðru ólívugræna laginu (líklega V-Sv frá um 940) í landnámssyrpunni. Svo heppilega vildi til að skurðurinn lenti á norðausturhorni veggjarins, mögulega við dyraop. Ekki var grafið í gegnum torfvegginn en undir V1477 gjóskunni en upp að veggnum lá áfokslag [406], a.m.k. 5 sm þykkt. Ekki var heldur grafið í gegnum það en það bendir til að þessi veggur hafi verið fyrir löngu fallinn þegar V1477 gjóskan féll.



Mynd 24. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 4

Eining	Lýsing
401	Grasrót
402	Dökk grábrún fokmold - lítillega hreyfð
403	Sama jarðlag og [402], nema ljósara og einsleitara. Skilin á milli [402] og [403] eru óljós
404	V-1477 gjóskan
405	Torfveggur með Lanndnámslaginu - svörtu gjóskurnar sjást og vottur af ólívugrænu
406	Svipað og [403] en ljósyrjóttara. Líklega áfok, yngra en torfveggur [405] en eldra en gjóskan [404]

Mynd 25. Skurður 4, úr suðri. Gjóskan frá 1477 leggst þétt upp að veggnum að austanverðu en þegar grafið var niður með kom í ljós að undir gjóskunni var áfokslag sem er yngra en veggurinn.

Könnunarskurður 5

Skurður 5 var í brekkunni ofan (norð-austan) við norðurenda veisluskálans. Skurðurinn var 70x80 sm að stærð. Vesturendi skurðarins var 50 sm djúpur, en austurendinn 15 sm. Undir yfirborði kom í ljós um 25 sm þykkt jarðlag sen var mjög laust í sér, myndað af uppmokstri með hreyfðri H3 gjósku með brendum og óbrendum dýrabeinum og kolum. Þetta lag lá ofan á gömlu yfirborði myndað af morknu grasi og birkigreinum. Uppmoksturinn er að öllum líkindum ruðningur frá því að Hofstaðatúnin voru sléttuð upp úr miðri 20. öldinni.

Mynd 26. Skurður 5, úr austri. Jarðýturuðningur yfir óhreyfðum jarðlögum.

Könnunarskurður 6

Skurður 6 var í miðju sléttuðu túni vestan við norðurenda veisluskála. Skurðurinn var 1x1 m og 25 sm djúpur. V1477 gjóskulagið var þar óhreyft á um 15 sm dýpi. Ofan á því var um 2 sm þykkt kolalag (skarn) og þar ofan á fokmold með kolaflekkjum.



Mynd 27. Jarðlögin í skurði 6.

Jarðvegurinn undir V1477 sýndi engin merki um mannvist, en þar var töluverð þúfumyndun.

Einging	Lýsing
601	Grasrót
602	Brún fokmold með kolalögum
603	Kolalag
604	V-1477 gjóskan
605	Jarðlag, óhreyft af mannavöldum en merki um þúfnamyndun með Hverfjallsgjósku

Mynd 28. Skurður 6, úr vestri.

Könnunarskurður 7

Skurður 7 var í miðju sléttuðu túni, vestan við austurenda veisluskálans. Hann var 1x1 m, 25 sm djúpur í norður enda, 40 sm í suður enda. Í botni skurðarins var komið niður á það sem virðist vera torf með V940 (V-Sv) gjósku [708]. Erfitt er í svo litlum skurði að átta sig á því hvort um torf eða torfhrun er að ræða. Þó lá bakki (um 10 sm hár) í austur-vestur þvert yfir norðurhluta skurðarins, sem gæti afmarkað brún á vegghleðslu. Upp við þennan bakka lá ljósbrún áfoksmold [707]. Ofan á henni og torfinu var brún áfoksmold með kolaflekkjum [706] (um 8 sm þykk). Hún lá undir þéttu kolalagi [705], um 2 sm á þykkt, sem gæti verið troðið. Þetta lag fylgdi bakkanum. Ofan á kolalaginu var brún fokmold [704] (um 10 sm á þykkt) með töluverðu af dýrabeinum, sem lá undir þunnu lagi af skarni [703] sem borið hefur verið á túnið. Ekki fundust nein óhreyfð gjóskulög í skurði 7, en ofan á skarninu, undir grasrót var ljósbrún fokmold með gjóskuflekkjum [702], líklega V1477. Ljóst er að töluvert var um mannvist í skurði 7, en erfitt að átta sig á því hvaða merkingu þau hafa í svo litlum skurði.



Mynd 29. Jarðlögin í skurði 7

Einingar	Lýsing
701	Grasrót
702	Ljósbrún fokmold með flekkjum af 1477 gjóskunni
703	Viðaröskulag og skarn
704	Blönduð mold með flekkjum af viðarkolum, móösku og torf?. Mikið af dýrabeinum?
705	Þétt, dökkt kolalag
706	Brún fokmold með flekkjum af viðarkolum
707	Ljósbrún áfoksmold
708	Torf með ~940 gjóskunni. Hugsanlega klömbrur?

Mynd 30. Skurður 7, úr vestri.

Niðurstöður og umræða

Megintilgangur borkjarnarannsókna á Hofstöðum er að ganga úr skugga um hvort þar leynist fleiri bæjarstæði eins og það sem fannst árið 2016 og er nú kallað í Brekkum. Ekkert hefur enn sem komið er fundist sem bendir til þess. Hinsvegar hefur fengist miklu skýrari mynd af því hvar mannvirki og mannvistarlög leynast undir sverði á þessu svæði. Sumarið 2019 var komið niður á torfvegg nyrst á svokölluð Gerði og er hann örugglega eldri en V1477 en líka sáust í þeim skurði ummerki um rask eða byggignar sem eru yngri en 1104/1158. Líklegt verður að telja að þessi bygging sé hluti af bæjarstæðinu í Brekkum en ummerkin benda líka til að þarna hafi staðið byggingar lengur en á öðrum hlutum bæjarstæðisins, fram á seinni hluta miðalda. Mögulega er þarna fundið hið eiginlega Gerði sem túnið dregur nafn sitt af. Með þessari byggingu eru þekktar byggingar í Brekkum orðnar fimm og mögulegt túnstæði um 1 ha að stærð.

Eins og búast mátti við er mun meira af mannvistarleifum í gamla túninu á Hofstöðum heldur en túnunum norðan við sem sléttuð voru og ræktuð á 20. öld. Borkjarnar í gamla túninu sýndu víða merki um túnasléttun 20. aldar en líka ýmislegt rask á seinni öldum. V1477 gjóskan sést ekki í öllum kjörnunum en góðum meirihluta – sem veit á gott fyrir almenna varðveislu mannvistarlaga frá miðöldum í Hofstaðatúni – og undir henni eru mannvistarlög í rúmlega 40 kjörnum. Nær allsstaðar þar sem mannvistarleifar sáust undir V1477 voru líka mannvistarlög undir H-1300 og að minnsta kosti á einum stað undir H-1104 en það gjóskulag sést óvíða í kjörnunum. Á einum stað, skammt sunnan við veisluskálann hjá svokölluðu hestagerði, sáust mannvistarleifar sem gætu verið eldri en V~940. Til viðbótar eru margir kjarnar þar sem ekki var hægt að greina gjóskurnar með vissu en mannvistarlög sáust djúpt í jörðu. Mannvistarleifar sem sáust í kjörnunum eru allt frá smáræði af viðarkoli upp í heila torfveggi, en líka torfhrun, skarn og óskilgreinanlegt rask. Sindur sást á einum stað sem bendir til járnsmíði. Í tveimur skurðum í norðanverðu túninu var komið niður á torfveggi sem eru líklega byggðir skömmu eftir að V-Sv gjóskan féll um 940, þ.e. á sama tímabili og veisluskálinn var í notkun. Báðar þessar byggingar eru vænlegt rannsóknarefni en sama má segja um önnur svæði sem merkt eru með gráu á Mynd 20.

Viðauki 1 – Borkjarnaskrá

Númer kjarna	Heildardýpt kjarna (sm)	Dýpt jarðlags í sm	Lýsing á jarðlagi	Athugasemdir
27.1	80	0-10	Yfirborðslag	
27.1	80	10-16	Dökk brún sendin silt	
27.1	80	16-20	Fokmold	
27.1	80	20-22	Hverfjall - gjóska	
27.1	80	22-24	Fokmold	
27.1	80	24-25	Dökk gjóska	
27.1	80	25-30	Fokmold	
27.1	80	30-37	H3 gjóska	
27.1	80	37-42	Rauðbrúnt	
27.1	80	42 - 80	Fokmold	
27.2	79	0-8	Yfirborðslag	
27.2	79	8-10	Appelsínugult, grátt silt	
27.2	79	10-12	1477 gjóska	
27.2	79	12-20	Dökkbrúnt, lífrænt + kolaflekkir	
27.2	79	20-21	Dökk fín gjóska. Mögulega frekar í torfi en in situ	Dökk, nánast svört fín gjóska, mögulega ekki in situ
27.2	79	21-32	Torfblandað lag með kolaflekkjum	
27.2	79	32-33	1300 gjóskan	
27.2	79	33-43	Dökkbrúnt, lífrænt torf	
27.2	79	43-51	Rauðbrún fokmold	
27.2	79	51-58	H3 gjóska	
27.2	79	58-65	Rauðbrún fokmold	
27.2	79	65-68	H4 gjóska	
27.2	79	68-79	Rauðbrúnt	

27.3	79	0-8	Yfirborðslag	
27.3	79	8-9	Viðaraska, kol	
27.3	79	9-18	Torfblandað, kolaflekkir	
27.3	79	18-19	1477	
27.3	79	19-30	Fokmold, örkol	
27.3	79	30-31	1300 gjóskan	
27.3	79	31-43	Dökkbrúnt, lífrænt torf	
27.3	79	43-51	Rauðbrún fokmold	
27.3	79	51-58	H3 gjóska	
27.3	79	58-65	Rauðbrún fokmold	
27.3	79	65-68	H4 gjóska	
27.3	79	68-79	Rauðbrúnt	
27.4	55	0-7	Yfirborðslag	
27.4	55	7-8	Viðaraska, kol/sót	
27.4	55	8-14	Torfbland	
27.4	55	14-15	Gjóska	
27.4	55	15-22	Dökkt, lífrænt lag	
27.4	55	22-23	1477?	
27.4	55	23-39	Fokmold, kol	
27.4	55	39-45	Dökkbrúnt, blandað + kol	
27.4	55	45-46	LNS	
27.4	55	46-51	Rauðbrún mold	
27.4	55	51-55	H3 gjóska	
27.5	80	0-8	Yfirborðslag	
27.5	80	8-9	Viðaraska, kol	
27.5	80	9-13	?	
27.5	80	13-29	Torfveggur, gráleitt og appelsínugult + dökk brúnt	Veggur

27.5	80	29-39	Dökkt lífrænt. (blönduð gjóska)	Veggur?
27.5	80	39-46	Torf + viðaraska og kol. LNS mix	Veggur?
27.5	80	46-50	Hreyfð H3 gjóska	
27.5	80	50-60	Rauðbrún fokmold	
27.6	80	0-5	Yfirborðslag	
27.6	80	5-19	Dökkt lífrænt, appelsínugulir flekkir. Blandað torf	
27.6	80	19-29	Torfblandað, grá appelsínugult + kol	
27.6	80	29-39	Dökkt lífrænt, hreyft + dökk gjóska - örkol	
27.6	80	39-46	Torfbland, dökkt. LNS bland	
27.6	80	46-47	Hverfjall - gjóska	
27.6	80	50-51	Dökk gjóska	
27.6	80	51-60	Dökkbrún fokmold	
27.6	80	60-80	H4 + H3	
27.7	80	0-7	Yfirborðslag	
27.7	80	7-16	Tað? Mjög lífrænt hey	
27.7	80	16-21	Bláleitt, dökkt lífrænt lag	
27.7	80	21-22	1300 gjóskan?	
27.7	80	22-29	Lífrænt bláleitt lag	
27.7	80	29-33	Grófur sandur	
27.7	80	33-43	Dökkbrúnt, lífrænt	
27.7	80	43-46	Rauðbrún fokmold	
27.7	80	46-58	H3 gjóska	
27.7	80	58-63	Rauðbrún fokmold	
27.7	80	63-80	H4 gjóska	
27.8	80	0-7	Yfirborðslag	
27.8	80	7-12	Tað - mykja	

27.8	80	12-21	Torfbland, dökkt	
27.8	80	21-24	Dökkt, lífrænt blátt lag	
27.8	80	24-25	1300 gjóskan	
27.8	80	25-31	Dökkt, lífrænt blátt lag	
27.8	80	31-35	Grófur sandur, Hverfjall?	
27.8	80	35-47	Dökkt brúnt lífrænt lag. Torfblandað leirkennt	
27.8	80	47-48	Gróf gjóska	
27.8	80	48-50	Dökkt brúnt lífrænt lag. Torfblandað leirkennt	
27.8	80	50-58	H3 gjóska	
27.8	80	58-77	Dökkbrúnt, lífrænt	
27.8	80	77-80	Rauðbrún fokmold	
27.9	80	0-9	Yfirborðslag	
27.9	80	9-18	Lífrænt appelsínugult, grátt, lagskipt	
27.9	80	18-30	Dökkbrúnt, nánast svart lífrænt lag	
27.9	80	30-31	Gjóska	
27.9	80	31-49	Lífrænt appelsínugult, grátt, lagskipt, brúnna neðst	
27.9	80	49-53	H3 gjóska	
27.9	80	53-80	Blautt votlendi	Mjög blautur jarðvegur, líklega mýrkennt svæði sem útskýrir dökkan jarðveg
27.10	40	0-40	Blandað mýrarlag, dökkt. Talsvert af rauða + kolaflekkir	
27.10	40	40	Steinn	
27.11	40	0-6	Yfirborðslag	
27.11	40	6-40	Mór, svartur, dökkbrúnn	
28.1	40	6	Yfirborðslag	

28.1	40	6-14	Brún fokmold	
28.1	40	14-16	1477 gjóska	
28.1	40	16-29	Rauðbrún fokmold	
28.1	40	29-36	H3 gjóska	
28.1	40	36-40	Rauðbrún fokmold	
28.2	62	0-6	Yfirborðslag	
28.2	62	6-11	Brún fokmold	
28.2	62	11-19	Grábrún fokmold	
28.2	62	19-21	1477	
28.2	62	21-25	Grábrún fokmold, dökk.	
28.2	62	25-31	Brún fokmold	
28.2	62	31-32	1300 gjóskan?	
28.2	62	32-54	Fokmold	
28.2	62	54-61	H3 gjóska	Brekkurót
28.3	60	0-8	Yfirborðslag	
28.3	60	8-10	Rusl, viðaraska + kol	
28.3	60	10-21	Blandað, hreyft	
28.3	60	21-22	Grá gjóska	
28.3	60	26-27	Svört gjóska (1477?)	
28.3	60	27-34	Fokmold	
28.3	60	34-38	Brún, lítil mannvist	
28.3	60	38-55	Brún fokmold	
28.3	60	55-60	H3 gjóska	
28.4	60	0-5	Yfirborðslag	
28.4	60	5-12	Kol, brúnt, silt	
28.4	60	12-29	Brún fokmold, kolaagnir	
28.4	60	29-30	Grásvört fín gjóska (1300?)	

28.4	60	30-35	Brún appelsínugult	
28.4	60	35-44	Brún, fín silt	
28.4	60	44-46	Hverfjall -gjóska	
28.4	60	53-60	H3 gjóska	
28.5	57	0-5	Yfirborðslag	
28.5	57	5-10	Brún silt	
28.5	57	10-11	Viðaröskulag + kol	
28.5	57	11-13	Fokmold	
28.5	57	13-19	Blandað torf, dökk brúnt	
28.5	57	19-26	Blandað torf með ljósum flekkjum	
28.5	57	26-27	Fokmold + viðaröskulag	
28.5	57	27-40	Rauðbrún fokmold með torfflekkjum	
28.5	57	40-43	Dökkbrúnt lag með viðarösku + kolum	
28.5	57	43-45	Gróf gjóska (Hverfjall?)	
28.5	57	45-46	H3 gjóska	
28.6	80	0-4	Yfirborðslag	
28.6	80	4-9	Dökkbrúnt, grátt lag	
28.6	80	9-21	Torfveggur með kolum. Svört blönduð gjóska, 4 rendur	Veggur í skurði 4
